ar herra amtmaður skal hjer með vinnumaður Ólafur Jóhannesson á Hlíðarhúsum við Reykjavík sœmdur 25 króna verðlaunum fyrir dugnað þann og snarræði, er hann sýndi við björgun nokkurra manna úr sjávarháska í aprílmánuði 1875. **123** 11. okt.

Ávísun á nefnda upphæð fylgir hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* húsaleigustyrk við prestaskólann. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 2. þ. m. veitist hjer með stúdent Morten Hansen, þó hann eigi heima í Reykjavík, 80 kr. styrkur af fje því, sem veitt er með 13. gr. B I b., fjárlaganna til húsaleigu handa lærisveinum prestaskólans, og eru stiptsyfirvöldin beðin að hlutast til um, að nefnd upphæð verði borguð. **124** 11. okt.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* hjónaskilnað. — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30. ágúst þ. á. meðtók jeg bónarbrjef frá konunni Guðbjörgu Jónsdóttur á Tindum um skilnað að borði og sæng við bónda sinn Björn Eysteinsson á Hurðarbaki, þrátt fyrir það, þótt hann hafi ekki fengizt til að fara þess á leit með henni. **125** 11. okt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að ekki er borin fram önnur ástœða til hins umbeðna hjónaskilnaðar en ólíkir geðsmunir, getur ekki komið til tals að veita hann gegn vilja annars hjónanna.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* styrk til vjelasmíðisnáms. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 30. f. m. hefi jeg veitt prófastinum í Eyjafjarðarsýslu 200 kr. styrk úr landssjóði upp í kostnaðinn við að koma Jóni Árnasyni frá Skútum í verkvjelasmíðisnám, og hefi jeg samkvæmt beiðni prófastsins gjört ráðstöfun til að upphæð þessari verði ávísað Tryggva alþingismanni Gunnarssyni til útborgunar í Kaupmannahöfn, þegar hann um það snýr sjer til ráðgjafans fyrir Ísland. Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda. **126** 15. okt.

— *Brjef* landshöfðingja *til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um* styrk handa kvennaskóla. — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, mælt fram með beiðni hlutaðeigandi forstöðunefndar um styrk úr landssjóði handa kvennaskóla, sem í ráði er að stofna í haust í sýslu yðar. **127** 15. okt.

Út af þessu vil jeg með sjerstöku tilliti til þess, að sýslunefndin hefur veitt þessari stofnun 200 kr. þetta ár, hjer með leggja tjeðum skóla 100 kr. styrk af fje því, sem ákveðið er úr landssjóði til vísindalegra og verklegra framkvæmda. Býst jeg við, að sýslunefndin hafi hið nauðsynlega eptirlit með, að því fje, sem lagt er úr almennum sjóði til fyrirtœkis þessa, verði varið samkvæmt tilætluninni, og mun jeg, undir eins og jeg er búinn að fá vottorð sýslunefndarinnar um, að skólinn sje byrjaður, ávísa nefndinni tjeðum styrk til útborgunar úr jarðabókarsjóði.